

ARI PÁLL KRISTINSSON

## Um ritreglur og Stafsetningarorðabók

Í Íslenskri málstöð er um þessar mundir unnið af kappi að gerð Stafsetningarorðabókar. Stefnt er að útgáfu í mars 2006. Bókin er samin í umboði Íslenskrar málnefndar og skv. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Í bókinni verða m.a. ritreglur þær sem hér á undan eru birtar í fyrsta sinn á prenti. Þær eru byggðar á gildandi auglýsingum menntamálaráðuneytis um stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Ritreglurnar er einnig að finna á vef Íslenskrar málstöðvar á Netinu, [www.islenskan.is](http://www.islenskan.is).

### Stafsetningarorðabók

Allt frá útgáfu *Réttitunarorðabókar handa grunnskólum* (1989), ritstj. Baldur Jónsson, hefur Íslensk málnefnd stefnt að útgáfu enn stærri stafsetningarorðabókar.

Réttitunarorðabók Baldurs Jónssonar var geysilega vel heppnað verk sem nýst hefur í öllu samfélaginu enda þótt titillinn beri með sér að grunnskólanemendur hafi verið sá notendahópur sem einkum var hafður í huga við gerð bókarinnar. Eigi að síður má ljóst vera að þörf er á mun umfangsmeiri stafsetningarorðabók hér á landi eins og tíðkast hefur að gefa út í nágrannalöndunum.

Baldur Jónsson vann að undirbúningi stærri stafsetningarorðabókar einkum á árunum 1996-1999 eða uns hann lét af störfum í Íslenskri málstöð fyrir aldurs sakir.

Á stjórnarfundi Íslenskrar málnefndar 11. desember 2001 var ályktað að útgáfa Stafsetningarorðabókar yrði meðal helstu forgangsverkefna málnefndar og málstöðvar á næstu árum. Í ljósi undirbúningsskýrslu eftir Dóru Hafsteinsdóttur, starfsmann Íslenskrar málstöðvar, dags. 8. nóvember 2001, og með hliðsjón af skýrslum eftir Baldur Jónsson, dags. 29. desember 1998 og 10. september 1999, var samþykkt að beina því til Íslenskrar málstöðvar að hún semdi tillögur að áætlun um verkstjórn, ritstjórnartilhögun og fjárhagsáætlun og legði fyrir endurnýjaða málnefnd eða stjórn hennar árið 2002. Miðað yrði við að öll verkstjórn yrði á vegum málstöðvarinnar og að þar hefði Dóra Hafsteinsdóttir forsögn.

Á stjórnarfundi nýskipaðrar Íslenskrar málnefndar 12. mars 2002 var kynnt minnisblað eftir forstöðumann Íslenskrar málstöðvar og Dóru Hafsteinsdóttur með áætlun um verkstjórn, ritstjórnartilhögun og fjárhagsáætlun um Stafsetningarorðabók. Þar kom fram markmið, tími, mannaflí og efnisöflun og var gert ráð fyrir að verkið hæfist þegar í þeim mánuði og útgáfa á bók og á Netinu yrði orðin að veruleika í síðasta lagi í mars 2006. Dóra Hafsteinsdóttir yrði ritstjóri. Þörf væri á aðkeyptri tölvuþjónustu til að leggja síðustu hönd á sérhannað forrit fyrir bókina.

Stjórn Íslenskrar málnefndar féllst á ofangreinda áætlun og hefur því síðan verið unnið að bókinni í samræmi við hana. Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2002-2005, sem gengið var frá 16. nóvember 2002, var enn fremur áréttað að útgáfa Stafsetningarorðabókar væri forgangsverkefni á tímabilinu. Stjórn Íslenskrar málnefndar myndar ráðgefandi ritnefnd og fær handrit til yfirlestrar fyrir útgáfu.

Stjórn Íslenskrar málnefndar áréttaði á fundinum 12. mars 2002 að um yrði að ræða stafsetningarorðabók og því ætti ekki að þurfa að birta þar ýmis misjafnlega aðlöguð erlend orð o.þ.h. sem bundin væru óformlegu talmáli. Stjórnin var einhuga um að leggja skyldi áherslu á leiðbeiningar um vandaða beygingu í bókinni.

## Ritreglur

Þegar Baldur Jónsson lét af störfum var hann m.a. kominn vel á veg við gerð vinnureglna, sem hann nefndi svo, um stafsetningu.

Stjórn Íslenskrar málnefndar ákvað 12. mars 2002 að í fyrirhugaðri Stafsetningarorðabók yrði að finna íslenskar ritreglur, ýtarlegar og settar fram á aðgengilegan hátt og tækju þær ekki aðeins til stafsetningar heldur einnig til greinarmerkjasetningar. Reglurnar yrðu byggðar á gildandi auglýsingum menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu og greinarmerkjasetningu og að því er varðaði stafsetningarhlutann yrði jafnframt byggt á fyrrnefndum vinnureglum Baldurs Jónssonar um stafsetningu.

Í samræmi við þessa stjórnarsamþykkt vann starfsfólk Íslenskrar málstöðvar að gerð og frágangi slíkra ritreglna. Í þeirri vinnu var einkum lögð áhersla á ríkulegan dæmaforða og að gera framsetningu sem aðgengilegasta fyrir hinn almenna notanda.

Heildardrög að ritreglum lágu fyrir í Íslenskri málstöð í maí 2004 og voru þau send til umsagnar til allra nefndarmanna í Íslenskri málnefnd og til nú annarra valinkunnra einstaklinga sem áður höfðu unnið að gerð stafsetningarreglna, að stafsetningarkennslu og útgáfustörfum hjá Alþingi, dómstólum, ráðuneytum og stórum útgáfufyrirtækjum.

Á fundi í stjórn Íslenskrar málnefndar 21. september 2004 reifaði forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar umsagnir þær sem borist höfðu um drög að ritreglum og lagði fram minnisblað um efni þeirra. Margar ábendinganna lutu að framsetningu og orðalagi og hvernig hægt væri að útskýra betur en gert væri. Nokkuð var um uppástungur um önnur dæmi og tegundir dæma. Einnig var bent á fáein vandrituð atriði sem drögin tóku ekki til. Nokkrir létu í ljósi ósk um afdráttarlausari afstöðu til valkvæðra atriða. Aðrar efnislegar ábendingar lutu oftast að þrennu: gráa svæðinu milli sérnafna og samnafna og matsatriðum þar; kommuetningu þar sem gildandi reglur um kommuetningu voru túlkaðar í drögunum nokkuð bókstaflega samkvæmt gildandi auglýsingu menntamálaráðuneytis; einföldum gæsalöppum. Flestir umsagnarmenn sáu ástæðu til að taka fram að sér litist almennt vel á reglurnar og framsetninguna þrátt fyrir einstök atriði sem mættu betur fara.

Í framhaldi af þessu var Íslenskri málstöð falið að taka saman nýja gerð af stafsetningarhluta draganna en óskað var eftir fundi í Íslenskri málnefnd um greinarmerkjasetningu sérstaklega. Hann var haldinn 11. nóvember 2004. Þar voru rædd ýmis sjónarmið um greinarmerkjareglur.

Á stjórnarfundum í Íslenskri málnefnd 14. desember 2004 lagði forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar fram endurskoðuð drög að ritreglum og gerði grein fyrir sérhverri lagfæringu á þeim frá fyrri drögum. Annars vegar tóku lagfæringarnar mið af skriflegum athugasemdum við fyrri drög; m.a. var kaflinn um lítinn og stóran upphafsstaf lagfærður nokkuð og tekin var afdráttarlausari afstaða til ýmissa valkvæðra atriða í gildandi auglýsingu um stafsetningu. Hins vegar var tekið mið af anda umræðna á fundi Íslenskrar málnefndar um greinarmerkjasetningu. Gefið var meira svigrúm en í fyrri drögum við túlkun á því atriði í auglýsingu menntamálaráðuneytis hvenær afmarka skuli með kommu setningar sem fleyga aðrar setningar.

Stjórn Íslenskrar málnefndar fjallaði á fundinum 14. desember 2004 um drögin í heild með áorðnum lagfæringum og samþykkti þau með minni háttar breytingum.

Þá lagði stjórnin á sama fundi ríka áherslu á að ritreglurnar yrðu birtar við fyrsta tækifæri í prentaðri útgáfu og á Netinu. Síðan yrðu þær einnig prentaðar í Stafsetningarorðabókinni eins og fyrr hafði verið ákveðið.

Í framhaldi af þessari samþykkt stjórnar Íslenskrar málnefndar voru ritreglurnar birtar í fyrsta sinn opinberlega 28. desember 2004, á vef Íslenskrar málstöðvar, og í þessu hefti Málfragna birtast þær í fyrsta sinn á prenti.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.